



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á
Hólahátíð
14. ágúst 2016**

Biskup Íslands, vígslubiskup,
kæru gestir á Hólahátíð

Trúðu á tvennt í heimi,
tign sem æðsta ber,
Guð í alheims geimi,
Guð í sjálfum þér.

Svo orti eitt af þjóðskáldum nítjándu aldar, Steingrímur Thorsteinsson. Á svipuðum slóðum var Megas löngu síðar þegar hann söng um guð sem býr í garðslöngunni og gaddavírnum. Guð í geimnum, Guð í þér. Hver er sú tign sem hæst ber í þessum heimi: er það ekki hið sanna, fagra og góða sem hver maður ætti að hlúa að í sjálfum sér og samskiptum sínum við aðra menn?

Leyfið mér fyrst að líta um öxl með ykkur, horfa til rúmlega þúsund ára sögu kristni á Íslandi. Kjarninn kom að utan. „Þú ert Pétur, kletturinn og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína og máttur heljar mun ekki á henni sigrast.“ (Mattheus 16:17). Þessi hornsteinn er lagður í Mattheusarguðspjalli. Kristin kirkja skyldi vera kletturinn í samfélagi manna, alltumlykjandi undirstaða sem menn byggðu líf sitt á. Þannig var kristni boðuð á Íslandi og þannig festi kirkjan sig í sessi í öndverðu. Fullorðnir menn skyldu kunna Pater noster og Credo, faðirvorið og trúarjátninguna, og lá fjörbaugsgarður við ef menn svikust um það.

Kristindómur færði Íslendingum ekki einvörðungu nýja hugsun og siðferði; hann tengdi okkur líka öflugri, alþjóðlegri hreyfingu sem laut boðvaldi páfans í Róm. Og það sem enn meira varðaði fyrir íslenska menningarsögu: með kristni kom ritlistin og henni beitti kirkjan til að boða fagnaðarerindið. Hinar fyrstu sögur, sem skráðar voru á íslensku,

voru frásagnir um dýrlinga og aðra brautryðjendur og píslarvotta heimskristninnar, þýðingar sem skrifaðar voru á einföldu og ljósu máli sem ætlað var að ná eyrum alþýðu manna, bænda og búaliðs. Þessar áróðursbókmenntir frá árdögum kristninnar áttu ríkan þátt í að þroska þá frásagnarlist sem hæst bar síðar í Íslendingasögum.

Fyrsta kastið höfðu íslenskir höfðingjar sterk ítök innan kirkjunnar, réðu nánast því sem þeir vildu. Þeir byggðu kirkjur og réðu til starfa presta sem ekki voru allir langskólaðir. Höfðingjarnir létu líka skrá söguna eftir eigin óskum, skoðunum og hagsmunum. Íslendingabók gerði Ari fróði biskupum landsins, Þorláki og Katli, eins og hann komst að orði í formála. Boðskapur Íslendingabókar má kallast skýr: að kirkjulegir og veraldlegir valdhafar eigi að standa saman, að íbúum landsins vegni verst þegar sundrung og upplausn ríði húsum. Þess vegna hafi kristnitakan, skjót og friðsöm, verið mikil gæfa. Stöðugleiki var tryggður.

Árin liðu, völd kirkjunnar jukust. Eftir endalok þjóðveldis og sáttargjörð erkibiskups og Noregskonungs öðlaðist kirkjan óskorað dómsvald í siðgæðismálum. Refsivendinum var óspart beitt á almenning. Færu menn ekki að orði guðs og lögum landsins biði þeirra fordæming og eilíf kvöl í helvíti, sögðu klerkar við landslýð. Um leið eflidist kirkjan á hinum veraldlega vettvangi. Um miðja sextánda öld var svo komið að tæpur helmingur jarða í landinu var í hennar eigu. Hin kaþólska kirkja var ríki í ríkinu.

Það veldi hrundi við siðaskiptin. En kennivaldið lifði og segja má að ríkiskirkja hafi orðið til. Kirkjan og ríkið áttu sameiginlegra hagsmuna að gæta, reyndu að sporna gegn lausung, halda uppi aga, reglu og festu í samfélaginu. Um það vitnar Stóridómur og einnig Passíusálmar Hallgríms Péturssonar með sínum hætti. Í nítjándu sálmi, Um Kristí játning fyrir Pílató, lýsir skáldið í fjórtánda versu uppsprettu veraldlegs valds á jarðríki með þessum orðum:

Kóngstign þín, Jesú, andleg er.
Allir hafa sín völd af þér
höfðingjar hér um heim.
Þú lénar, gefur, lánar þeim
löndin, ríki, metorð og seim.

Og misgjörðir gegn drottins orði gleymast ekki, segir sálmaskáldið í fimmtánda sálmi, Um ráðstefnu prestanna yfir Kristó, fjórtánda versu:

Mér er sem í eyrum hljómi
úrskurður drottins sá,
árla á efsta dómi,
upp þegar dauðir stá,

afsökun ei mun stoða,
andsvör né spurningar.
Sá stendur víst í voða,
sem verður sekur þar.

Ekki má þó gleyma mætti yfirbótar sem vegur þungt hjá Hallgrími. „Sjáðu með gætni sál mín kær, sönn iðrun hverju kraftað fær,“ segir hann í fertugasta sálmi, „Þriðja orð Kristí á krossinum“, öðru versi.

Hér á Hólum átti Hallgrímur sína æsku og mótunarár. Við minnumst þess nú að þrjár og hálf öld er liðin frá því að Passíusálmarnir voru fyrst prentaðir, hér á þessum stað. Þeir eru ómetanlegt framlag til íslenskrar menningar og tungu, einstök varða í sögu trúar og kirkju. Á hátíðarstundum eins og þessari segjum við því gjarnan að orð sálmaskáldsins eigi enn erindi við okkur, að þau hafi staðist tímans tönn. Í ávarpi í Hallgrímskirkju fyrir rúmri hálfri öld sagði þáverandi forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson: „Það er með fádæmum hve skýrt og skilmerkilega þriggja alda sálmar tala beint til vor, og hitta í hjartastað.“

Er svo enn? Vissulega skipa Passíusálmarnir veglegan sess í huga fjölmargra Íslendinga. Um árabíl hafa þeir verið lesnir í Ríkisútlitunum á föstunni. Í mörgum kirkjum hefur sá siður líka verið tekinn upp og sálmarnir allir fluttir á föstudaginn langa. Fyrr í ár naut ég þess heiðurs að flytja sálmana með öðrum í Guðríðarkirkju í Grafarvogi. Sannlega lifa sálmarnir. Þeir eru glæsilegt listaverk, ortir af innblásnu skáldi sem túlkar píslarsöguna ekki síst í ljósi persónulegrar sögu og þjáningar. En afstaða til kennivalds og trúar, þjáningar og refsinga hefur vitaskuld tekið stakkaskiptum. Á sínum tíma bætti Ásgeir Ásgeirsson einmitt við þessum fyrirvara um boðskap Hallgríms: „Ég dreg þó ekki dul á að til eru þau vers og vísuorð í Passíusálmunum sem ég mundi strika yfir, einkum í sambandi við eilífa fordæming, en það er færra en margur myndi ætla.“

Allt er breytingum háð. Undanfarin ár og áratugi hafa sagnfræðingar og fornleifafræðingar endurskoðað alla sögu kristni og kirkju á Íslandi. Hin gamalkunna frásögn um kristnitökuna er vefengd, í það minnsta er aukið við hana og rökstutt að hinn nýi siður hafi borist til landsins og breiðst út með ýmsum hætti á löngu tímabili. Fornleifar geyma vísbendingar um torfkirkjur, sem spruttu úr írskri og skoskri menningu, og timburkirkjur sem rekja má til Engilsaxa og Norðurlanda. Kristnitaka á Íslandi var margþætt langtímaþróun, dulin útbreiðsla, háð tilviljunum samhliða beinu trúboði og sáttargjörð á Alþingi.

Á sama hátt segja fræðimenn um okkar daga að siðaskipti 16. aldar hafi ekki verið eins skörp og áður var gjarnan talið. Dæmi hefur verið tekið af Guðnýju Stefánsdóttur, afasystur Jóns eldklerks Steingrímssonar.

Sagt er að hjá henni hafi fléttast saman lúterskur rétttrúnaður samtímans og trúarhættir fyrri tíðar, úr kaþólsku og jafnvel norrænni vættatru.

Margt er dregið í efa, margt er endurskoðað. Í sagnfræði, fræðasviði mínu, hefur efahyggja aukist undanfarna áratugi. Því er þá hafnað að unnt sé að rekja söguna eins og hún varð, finna endanlegan sannleika, hina einu réttu útgáfu liðinnar tíðar. Sjónarhorn hljóti að hafa áhrif á niðurstöðu og við getum aldrei fundið allar heimildir sem skipti máli. Frásagnir verði brotakenndar og háðar okkar eigin umhverfi og tíðaranda, rannsóknarstefnu, sjónarmiðum og jafnvel fordómum. Segja má að sagnfræðingar hafi ekki lengur sama kennivald og áður, ekki sama forræði yfir sögunni. Almennungur nær sér í hana sjálfur.

Kallast þetta ekki á við strauma og stefnur í heimi kirkjunnar? Fer valdið ekki þverrandi þar líka? Í nýlegri skoðanakönnun kvaðst rétt rúmur helmingur aðspurðra á Íslandi telja sig trúaðan. Sífelld fækkar fólki í þjóðkirkjunni og nú er svo komið, í fyrsta sinn í sögunni, að forseti Íslands tilheyrir henni ekki.

Í aðdraganda nýliðins forsetakjörs kom staða mín utan þjóðkirkjunnar nokkuð til tals. Meðal annars gætti þess misskilnings að forseti Íslands væri sjálfkrafa sérstakur verndari hennar. Það er ofmælt þótt í 62. grein stjórnarskrárinnar segi að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi, og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Í næstu grein er trúfrelsi aftur á móti tryggt, að allir megi iðka trú sína í samræmi við eigin sannfæringu og litlu síðar segir að allir séu jafnir fyrir lögum án tillits til trúarbragða.

Mína afstöðu í trúmálum útskýrði ég með þessum orðum á heimasíðu minni og víðar fyrir kjördag:

Á Íslandi er trúfrelsi. Landslög eru samt öllum trúarbrögðum æðri. Þeir sem ekki sætta sig við það eiga ekkert erindi í okkar samfélagi. Sjálfur var ég skírður til kaþólskrar trúar, fermdur í kaþólskum sið en missti barnatrúna við andlát föður míns þegar ég var á unglingsárum. Smám saman öðlaðist ég á ný trú á almættið og hið góða í heiminum. Slæleg viðbrögð kaþólsku kirkjunnar við skýrum ásökunum um glæpi innan hennar urðu til þess að ég sagði mig í kyrrþey úr henni. Nú stend ég því utan trúfélaga í góðri sátt við guð og menn. Börn mín eru skírð og tilheyra kristinni kirkju. Mín kristnu mannúðargildi má draga saman í upphafsorðum Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna: „Allir eru bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan.“

Blessunarlega urðu trúmál ekki að bitbeini að heitið geti í forsetakosningunum. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, staðfesti

jafnframt að þeim loknum að staða mín utan trúfélaga ætti ekki að valda þjóðkirkjunni vandræðum. Víðsýni og umburðarlyndi hljóta að vera farsæl leiðarljós.

Við undirbúning þessa erindis ræddi ég við vini og kunningja í prestastétt, það fólk um að benda mér á efni þar sem fjallað væri um trú, kirkju og efa. Oftast var nefnt rit Friedrichs Schleiermachers, *Um trúarbrögðin*. Í inngangi verksins dregur sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson efni þess saman með þeim orðum að höfundurinn vari „eindregið við því að trú og inntak hennar sé fellt undir vilja og skynsemi.“ Guðsvitund sé „bundin tilfinningunum og samofin allri mannlegri reynslu“.

Ég hafði líka samband við Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi. Þar var mér meðal annars bent á rit Bertrands Russells, *Af hverju ég er ekki kristinn*. „Við viljum ... sigrast á heiminum með skynsemi okkar fremur en að vera beygð undir þann þrælsótta sem hún getur skapað,“ skrifaði heimspekingurinn og bætti við: „Góður heimur þarfnast þekkingar, vingjarnleika og hugrekks. Hann þarfnast ekki tregafullrar þrár eftir fortíðinni eða að frjáls hugsun sé hlekkjuð í orðum sem fávísir menn létu falla endur fyrir löngu.“

Skynsemi og tilfinningar, kirkja og almætti. Í embætti forseta Íslands ætla ég ekki að leggja fólki línur í trúmálum. Á mínum fræðimannsferli hef ég talið að efahyggja sé af hinu góða í heimi sagnfræðinnar, að hin eina rétta og endanlega útgáfa sögunnar verði aldrei samin. Ég er samt þeirrar skoðunar að við getum komist að óumdeildum staðreyndum um liðna tíð, að frásagnir síðari tíma séu ekki bara sjónarhorn hvers og eins, háðar eignum og aðstæðum. Ég vil með öðrum orðum hafa fast land undir fótum, trausta undirstöðu, klett ef svo má að orði komast. Kannski hefur sú fræðilega sannfæring ráðist af sýn minni á líf, tilveru og trú. Þar vil ég líka eiga haldreipi. Ég trúi á almætti, skapara og endurfundi við þá sem hafa kvatt þetta jarðríki. Þessa lífssýn má eflaust rekja til kaþólsks uppeldis en líka til seinna skeiðs á ævi minni sem fól í sér efa, reiði og uppgjöf en síðan ígrundun og niðurstöðu.

Nú sit ég á forsetastóli og vil leggja góðum málum lið, með þjóðkirkjunni og hennar þjónum ef svo ber undir. Kennivald kirkjunnar fer þverrandi, refsivöndurinn er löngu horfinn. Þjónar hennar munu ekki halda uppi aga, röð og reglu í samfélaginu með sama hætti og þeir gerðu eða reyndu að gera fyrr á öldum. En annað breytist ekki. Þannig munu sálmar Hallgríms Péturssonar, sem við minnumst nú, örugglega lifa áfram með okkur. Satt er það sem Halldór Laxness sagði um þá, ungur að árum: „Það er þessi óskýranlegi undirómur Passíusálma sem hefur gefið skáldinu eilíft líf í brjósti þjóðarinnar eftir að annar Jesú skáldskapur var gleymdur og friðþægingarkenníngin fallin í gildi.“

Og mannúðin mun líka lifa, kærleikurinn, boðskapur um frið á jörðu sem hefur fylgt kirkjunni síðan í frumkristni, þrátt fyrir allt. Framar öllu þarfnast heimurinn mannúðar, að hver og einn rækti hið góða, sanna og fagra í sínu sinni og breytni við aðra, rækti guð í sjálfum sér.